



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Sent rafrænt í gegnum umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 8. apríl 2024

Efni: Umsögn Félags heyrnarlausra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Þingskjal 1290—864. mál.

Félagsmenn Félags heyrnarlausra („félagið“) nota táknmál til tjáningar og samskipta í daglegu lífi. Félagið býr yfir mikilli þekkingu á málefnum íslenska táknmálsins og menningarsamfélagi heyrnarlausra. Félagið telur því brýnt að samráð verði haft við félagið við meðferð velferðarnefndar á frumvarpinu. Með umsögn þessari vill félagið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um framangreint frumvarp félags- og vinnumarkaðsráðherra.

1. Bakgrunnur

Félagsmenn Félags heyrnarlausra nota táknmál til tjáningar og samskipta í daglegu lífi. Í félaginu er að finna þverskurð íslensks samfélags, s.s. einstaklinga með skerta starfsgetu og margvíslegar greiningar en einnig einstaklinga með fulla starfsgetu. Það sem félagsmenn eiga hins vegar allir sammerkt er að þeir hafa ekki aðgang að íslensku atvinnulífi nema að takmörkuðu leyti vegna skorts á túlkun í atvinnulífi. Allt frá árinu 1991 hefur félagið barist fyrir því að tryggður verði réttur döff fólks til endurgjaldslausrar túlkajónustu í daglegu lífi. Hefur ýmislegt áunnist í þeim efnum en þó eru réttindi döff enn ekki nægjanlega tryggð, hvorki í lögum né í framkvæmd. Af þeim sökum eru döff einstaklingar ekki að nýtast á vinnumarkaði til jafns við heyrandi, hvorki í samræmi við menntunarhlutfall þeirra né raunverulega starfsgetu. Þessi staða leiðir af sér mikinn ójöfnuð en einnig ótímabæra örorku, sem er samfélaginu afar dýr. Auk þess verður samfélagið allt af þeim mikla mannauði sem býr í döff fólki, með tilheyrandi kostnaði.

2. Athugasemdir við frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga

Í greinargerð með tilvitnuðu frumvarpi segir að markmiðið með breytingunum sé að bæta lífskjör og lífsgæði einstaklinga með mismikla starfsgetu. Sérstaklega sé horft til þess að bæta afkomu og möguleika einstaklinga til virkni, menntunar og atvinnuþátttöku á eigin forsendum. Þá kemur fram að breytingarnar sem frumvarpinu er ætlað að hafa í för með sér séu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna áherslu á mikilvægi starfsendurhæfingar og aukna möguleika fólks til virkrar þátttöku á vinnumarkaði – en þeir þættir séu taldir draga úr líkum á ótímabæru brotthvarfi fólks af vinnumarkaði.

Fram kemur að áhersla hafi verið lögð á að mat á getu til virkni í samfélaginu, þar á meðal til atvinnuþátttöku, byggðist ekki eingöngu á læknisfræðilegu mati eins og gildandi örorkumat heldur einnig á sálfræðilegum og félagslegum þáttum. Með frumvarpinu er þannig lagt til að tekið verði upp svokallað „sambætt sérfræðimat“ til að meta getu einstaklinga til virkni á vinnumarkaði, sbr. c. (26. gr.) frumvarpsins. Byggir matið á

hugmyndafræði Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu sem almennt gengur undir heitinu ICF og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út.


Félag heyrnarlausra bendir á að tilvitnað flokkunarkerfi, sem hið samþætta sérfræðimat byggir á, gerir með engum hætti ráð fyrir notkun táknmáls til tjáningar og samskipta, þ.e. sem tungumáls, þrátt fyrir að sérfræðimatinu sé ætlað að byggja á fleiri þáttum en bara læknisfræðilegum.

Í 2. mgr. sama ákvæðis kemur fram að áður en komi til samþætts sérfræðimats skuli endurhæfing eða viðurkennd meðferð sem hefur það að markmiði að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta vera fullreynd. Í íslenskri löggjöf er ekki skýrt kveðið á um einstaklingsbundna endurhæfingarátætlun fyrir þá sem búa við heyrnarleysi. Heyrnarleysi er í læknisfræðilegri skilgreiningu krónískur (ólæknanlegur) sjúkdómur og fötlun. Endurhæfing eða meðferð getur því ekki leitt til þess að heyrnarlausir einstaklingar fái heyrn. Hins vegar er íslenskt táknmál fyrsta tungumál þeirra sem nota það til tjáningar og samskipta, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í 2. mgr. 13. gr. laganna er síðan kveðið á um að íslenskt táknmál sé jafnrétt hátt íslensku. Ekkert er hins vegar tekið á því í frumvarpinu eða flokkunarkerfinu líkt og áður er rakið.

Þá hefur félagið áhyggjur af því að Tryggingastofnun beri ábyrgð á gerð samþætts sérfræðimats sem er forsenda fyrir greiðslu örorkulífeyris. Bendir félagið á í því sambandi að Tryggingastofnun hefur hvorki þekkingu á málefnum heyrnarlausra né íslenska táknmálinu til að geta átt í samskiptum við döff. Þá gerir frumvarpið jafnframt ráð fyrir að Vinnumálastofnun, heilbrigðisstofnanir, félagsþjónustan og VIRK séu einu þjónusta-aðilarnir sem geti gert endurhæfingarátlanir. Bendir félagið á að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er ætlað að þjónusta heyrnarlausa og heyrnarskerta lögum samkvæmt.

Með vísan til þeirra athugasemda sem félagið gerir er áréttuð sú beiðni að félaginu verði gert kleift að reifa þau sjónarmið nánar á fundi með velferðarnefnd við meðferð frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags heyrnarlausra,


Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður